



Fundargerð.

237. fundar Fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður:	Víkurskóli
Fundartími:	Miðvikudagur 15. maí kl. 14:00.
Mættir:	Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar. Þorkell Ingimarsson skólastjóri og Kjartan Ægir Kristinsson boðuðu forföll á fundinum
Ritari fundarins:	Ásgeir Magnússon ritaði fundargerðina í tölvu.

Málefni til umfjöllunar.

1. Staðan í skólunum.

- a. **Grunnskóli.** Þorkell sendi inn eftirfarandi texta varðandi stöðuna í Víkurskóla. Það tókst að halda árshátíð skólans eftir talsverða fyrirhöfn og heppnaðist hún vel. Víkurskóli hélt Stóru- upplestrarkeppnina að þessu sinni og var hún haldin að Hótel Höfðabrekku þann 5. apríl. Karl Anders Þórólfur Karlsson nemandi í Víkurskóla hreppti þar annað sætið. Þess má geta að þetta er í fyrsta skipti í sögu keppinnar sem Víkurskóli vinnur til verðlauna. Kunnum við eigendum og starfsfólki Hótel Höfðabrekku bestu þakkir fyrir hjálpa. Þann 10. apríl bauð Þjóðleikhúsið upp á stuttan leikþátt sem fjallaði um samskipti barna og ungmenna. Sýningin var sameiginleg með Kirkjubæjarskóla og var haldin í Tunguseli í Skaftártungu. Jarðvangsvikan var haldin hátíðleg og var að þessu sinni helguð skipinu Skaftfellingi. Á degi umhverfisins í þeirri viku fengum við góðan gest í heimsókn sem var Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólasamfélags Suðurlands. Hann fræddi nemendur um skipið sem og sögu verslunar í Skaftafellssýslum. Nú stendur yfir námsmat í skólanum og í framhaldinu verða uppbrotsdagar, skólaferðalög og vettvangsferðir. Skólaslit verða föstudaginn 1. júní klukkan 11:00
- b. **Leikskóli.** Bergný fór fyrir stöðuna í Leikskólanum. Staðan hefur verið erfið síðan um páska, eftir að einn starfsmaður hætti varð því miður að byrja aftur á að senda heim. Skyndihjálparanámskeið var haldið í skólanum og tókst vel. Nú í sumar verður stefnan sett á styttr ferðir nemenda og verður fókusinn á þesskonar starf í sumar þegar veður leyfir. Leikskólinn heimsótti Skaftfelling í síðustu viku og var vel tekið á móti börnunum. Verið er að taka inn nýtt kerfi í stað Mentor en það heitir Karellen og er betur sniðið að leikskólanum en Mentor. Nýja kerfið verður kynnt fyrir foreldrum í haust. Starfsmannamálin eru í erfiðri stöðu á næstunni og verður að vinna að því eins og kostur er að fá inn fleira fólk.

- c. **Tónskóli.** Brian fór yfir stöðuna í tónskólanum. Hinir hefðbundnu tónleikar með alþjóðlegu ívafi voru haldnir í Víkurkirkju á páskadagskvöld 1. apríl. Allir kennarar tónskólans ásamt nokkrum fyrrverandi nemendum og heimamönnum af erlendum uppruna spiluðu og gengu tónleikarnir vel. Stundum er sagt um tónlistarmenn, að þeir sem geta gera, en þeir sem ekki geta kenna; og þeir sem kunna hvorki að spila né að kenna eru að skrifa kennslubækur. Þess vegna var gott fyrir samfélagið að heyra aftur að tónskólinn hefur tónlistarmenn sem kunna að spila. Vortónleikar voru miðvikudaginn 9. maí og þeir voru mjög vel sóttir, yfir 50 manns mættu og þóttu tónleikarnir afar vel heppnaðir. Allt bendir til þess að Aron Jens og Jón Indriðason muni halda áfram að kenna næstu misserin. Það stendur til að koma á fót foreldraráði frá og með næsta hausti. Formleg skólaslit tónskólans verða 1. júní 2018 kl. 17:00 í skólanum. Innritun nýnema fyrir næsta skólaár verður frá 27. og 28. ágúst n.k. Kennsla mun hefjast aftur miðvikudaginn 29. ágúst eftir sumarfrí.

2. Skóladagatal Leikskóla Mýrdalshrepps.

Bergný lagði fram og fór yfir skóladagatal leikskólans 2018 – 2019 og var það samþykkt

3. Skóladagatal Tónskóla Mýrdalshrepps .

Brian lagði fram og fór yfir skóladagatal tónskólans 2018 – 2019 og var það samþykkt

4. Erindi frá skólastjóra Leikskóla Mýrdalshrepps

a) Aðbúnaður og húsnæði leikskólans.

Leikskólastjóri fór yfir lög og reglur varðandi aðbúnað í leikskólanum og benti á ýmislegt sem vantar á að húsnæði leikskólans uppfylli allar þarfir leikskólabarna. Fræðslunefnd þakkaði góðar ábendingar. Lagt til að ábendingunum verið komið á framfæri við næstu fræðslunefnd og sveitarstjórn. Bent var á að við ákvörðun um að skipta skólunum upp á nýjan leik voru það skýr skilaboð til stjórnenda að vinna saman að sem bestri nýtingu á húsnæði skólananna.

b) Nafngift leikskólans

Óskað var eftir tillögum um nafn á leikskólann og komu margar tillögur fram. Foreldraráðið fór yfir tillögurnar og samþykkt var að nafnið yrði Mánaland. Tillagan var borin upp og samþykkt í fræðslunefnd. Leikskólinn heitir Mánaland.

c) Foreldrakönnun

Gerð var könnun meðal foreldra leikskólabarna um starfið á leikskólanum. Ýmislegt má lesa út úr könnunni sem nýta má til að bæta starfið á Mánalandi. Í heild kom könnunin ágætlega út.

5. Önnur mál

Nefndarmenn kepptust við að hrósa hver öðrum og þökkuðu fyrir samstarfið.

6. Bréf til nefndarinnar

Trúnaðarmál rætt á lokuðum fundi og niðurstaðan færð í trúnaðarmálabók

Málefni til kynningar.

Engin málefni voru lögð fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40

Lára Oddsteinsdóttir
formaður

Vilborg Smáradóttir

Eva Dögg Þorsteinsdóttir

Ívar Páll Bjartmarsson

Salóme Þóra Valdimarsdóttir

Kolbrún Hjörleifsdóttir